

Samþykkt fyrir Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita

I. kafli

Almenn ákvæði.

1. gr.

Byggðasamlagið heitir „Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita“, kt. 580209-0170. Heimili þess er að Laugarvatni. ~~Starfstöðvar skulu vera innan aðildarsveitarfélaganna.~~

2. gr.

Aðild að byggðasamlaginu eiga eftirtalin sveitarfélög: Ásahreppur, Bláskógabyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur. Önnur sveitarfélög geta orðið aðilar að byggðasamlaginu með samþykki allra aðildarsveitarfélaganna.

II. kafli

Hlutverk og valdheimildir.

3. gr.

Hlutverk byggðasamlagsins er að annast eftirfarandi verkefni:

1. Lögbundin verkefni byggingarfulltrúa samkvæmt lögum um mannvirki nr. 160/2010, með síðari breytingum, byggingarreglugerð nr. 112/2012, með síðari breytingum, og öðrum lögum og reglugerðum sem kveða á um hlutverk byggingarfulltrúa. Í fylgiskjali 1 með samþykkt þessari er lýsing á helstu verkefnum byggingarfulltrúa.
2. Lögbundin verkefni skipulagsfulltrúa samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010, með síðari breytingum. Sveitarstjórnir aðildarsveitarfélaganna geta ákveðið að framselja til skipulagsfulltrúa vald til að afgreiða, án staðfestingar skipulagsnefndar og sveitarstjórnar. Þau mál skulu bókuð sérstaklega af öllum aðildarsveitarfélögum og sett sem fylgiskjal með samningi þessum. Þetta eru mál sem falla undir skipulagslög og skilgreind eru sem verkefni sveitarstjórna í lögnum, sbr. heimild í 2. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Afgreiðslur skipulagsfulltrúa skulu lagðar fram til kynningar í skipulagsnefnd og sveitarstjórnnum viðkomandi sveitarfélaga. Í fylgiskjali 2 með samþykkt þessari er lýsing á helstu verkefnum skipulagsfulltrúa.
- ~~3. Verkefni sem varða umhverfis- og tæknimál aðildarsveitarfélaganna. Í fylgiskjali 3 með samþykkt þessari er lýsing á helstu verkefnum er varða framkvæmda- og tæknimál.~~

Stjórn byggðasamlagsins er heimilt að gefa út ítarlegri lýsingar á verkefnum skv. 1.–3. tölulíð 1. mgr. innan ramma gildandi laga og reglugerða. Feli uppfærð lýsing í sér framsal á valdi til töku ákvarðana um rétt eða skyldu manna umfram það sem lýst er í samþykkt þessari öðlast hún ekki gildi nema hún hafi hlotið samþykki sveitarstjórna aðildarsveitarfélaganna skv. 17. gr. samþykktar þessarar.

4. gr.

Valdheimildum byggðasamlagsins er nánar lýst í samþykkt þessari og fylgiskjölum með henni. Stjórn byggðasamlagsins hefur ekki umboð til að skuldbinda aðildarsveitarfélögin umfram það sem getið er um í samþykkt þessari.

Byggðasamlagið skal fylgja ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 um meðferð mála, skyldur og réttindi stjórnarmanna, starfslið, fjármál og stjórnsýslueftirlit auk þess að fylgja öðrum almennum reglum sem gilda um framkvæmd verkefna sveitarfélaga.

5. gr.

Leita þarf samþykkis allra sveitarstjórna aðildarsveitarfélaganna við gerð samninga við einkaaðila um hjónustustarfsemi, sbr. m.a. 100. gr. sveitarstjórnarlaga. Jafnframt þarf að leita samþykkis allra sveitarstjórna aðildarsveitarfélaganna við gerð samninga við einstök aðildarsveitarfélög um að þau taki að sér afmarkaða þætti í starfsemi byggðasamlagsins. Að auki skal leita samþykkis allra sveitarstjórna aðildarsveitarfélaganna varðandi gerð samninga um ný verkefni byggðasamlagsins.

III. kafli
Stjórnskipulag.

6. gr.

Aðildarsveitarfélögin tilnefna hvert um sig einn aðalman og einn varamann í stjórn byggðasamlagsins að afloknum sveitarstjórnarkosningum og er kjörtímabil stjórnar það sama og sveitarstjórnar. Stjórnarfulltrúar skulu vera aðalmenn í sveitarstjórnum aðildarsveitarfélaganna. Stjórnin skiptir með sér verkum á fyrsta fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum og skal sá fundur haldinn eigi síðar en 1. ágúst. Fulltrúi fjölmennasta sveitarfélagsins boðar til fyrsta fundar og stýrir honum uns formaður hefur verið kjörinn.

Stjórnarmenn eru jafnframt fulltrúar í skipulagsnefnd en um verkefni skipulagsnefndar fer samkvæmt gildandi skipulagslögum.

7. gr.

Stjórn byggðasamlagsins heldur fundi svo oft sem þurfa þykir, og að jafnaði einu sinni í mánuði. Halda skal stjórnarfund óski a.m.k. helmingur fulltrúa í stjórn eftir því. Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda og stýrir þeim. Stjórnarfundur er ályktunarhæfur ef meirihluti fulltrúa í stjórn er mættur til fundar.

Afl atkvæða ræður afgreiðslu mála á stjórnarfundum.

Ákvarðanir sem stjórn tekur eru fullnaðarákvarðanir, en um endurupptöku einstakra mála fer eftir ákvæðum 24. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Fundargerðir stjórnarfunda skulu sendar aðildarsveitarfélögunum.

8. gr.

Hlutverk stjórnar er að annast daglegan rekstur byggðasamlagsins í samræmi við ákvæði samþykktar þessarar, að öðru leyti en því sem hún felur framkvæmdarstjóra/skrifstofustjóra að annast fyrir sína hönd.

9. gr.

Stjórn ræður starfsfólk byggðasamlagsins og gerir við það ráðningarsamninga þar sem kveðið er á um starfskjör, réttindi og skyldur í starfi.

IV. kafli
Rekstur og fjármál.

10. gr.

Stjórn byggðasamlagsins gerir fjárhagsáætlun fyrir byggðasamlagið ár hvert sem uppfyllir skilyrði sveitarstjórnarlaga og sendir sveitarstjórnnum aðildarsveitarfélaganna til staðfestingar eigi síðar en 10. október ár hvert.

Stjórn byggðasamlagsins skal hafa eftirlit með því að rekstur sé í samræmi við fjárhagsáætlun.

Stjórn byggðasamlagsins getur ekki skuldbundið aðildarsveitarfélögin umfram það sem kveðið er á um í staðfestri fjárhagsáætlun byggðasamlagsins. Ákvarðanir um lántökur, húsnæðismál eða mál er varða útgjöld umfram fjárhagsáætlun byggðasamlagsins þarfnast staðfestingar frá sveitarstjórnnum allra aðildarsveitarfélaganna.

11. gr.

Í byggðasamlaginu eru rekstrareiningar, sbr. 1. mgr. 3. gr. samþykktar þessarar, þ.e. skipulagsmál, og byggingarmál, ~~umhverfis- og tæknimál.~~

12. gr.

Stjórn byggðasamlagsins gerir gjaldskrár sem tengjast verkefnum sem byggðasamlaginu hefur verið falið að sinna, s.s. á grundvelli laga um mannvirki og skipulagslaga. Sveitarstjórnir aðildarsveitarfélaganna skulu samþykkja slíkar gjaldskrár. Byggðasamlagið annast í umboði aðildarsveitarfélaganna innheimtu byggingar- og framkvæmdaleyfisgjalda.

Tekjur byggðasamlagsins eru sértekjur sem koma fram í gjaldskrá samlagsins, s.s. vegna skipulagsvinnu, tekjur vegna þjónustusamninga, sölu á þjónustu sem tengist verksviði byggðasamlagsins eða annarra skyldra þátta og framlög aðildarsveitarfélaganna.

Upphæðir þjónustugjalda í gjaldskrá á grundvelli laga um mannvirki og skipulagslaga skulu taka mið af kostnaði við þjónustu og einstök verkefni og skulu þjónustugjöldin byggð á rekstraráætlun þar sem rökstudd eru þau atriði sem ákvörðun þjónustugjalda byggist á, enda mega þjónustugjöldin lögum samkvæmt ekki vera hærrí en sá kostnaður.

Að því leyti sem tekjur samkvæmt gjaldskrá og þjónustusamningum standa ekki undir kostnaði við rekstur byggðasamlagsins skal kostnaðinum skipt milli aðildarsveitarfélaga á eftirfarandi hátt:

1. 4520% er fastur kostnaður sem skiptist jafnt á öll aðildarsveitarfélögin.

2. 3840% miðast við útgefin byggingar- og framkvæmdaleyfi í hverju aðildarsveitarfélagi.
3. 2540% miðast við fjölda mála sem lögð eru fram í skipulagsnefnd.
4. 22% kostnaðarhlutur umhverfis og tæknisviðs skiptist á grundvelli þeirra verkefna sem unnin eru fyrir hvert sveitarfélag.

Commented [IH|SG1]: Skipúningin 20-40-40, þá er tekið mið af starfsmannahjölda embættisins. Það eru 10 starfsmenn sem starfa öllu jafna hjá embættinu og stefnt að því áfram. Móttökuritari og skrifstofusjóri starfa þvert á allt og falla því undir 20%, byggingarfulltrúi, ritari og tveir aðstoðarmenn eru á byggingarhluta og það 40%. Og 40% á skipulagshluta þar sem starfar skipulagsfulltrúi, ritari og tveir aðstoðarmenn.

13. gr.

Aðildarsveitarfélögin bera einfalda ábyrgð á fjárhagslegum skuldbindingum byggðasamlagsins en innbyrðis skiptist ábyrgðin í hlutfalli við fjölda íbúatala 1. desember ár hvert.

14. gr.

Stjórn byggðasamlagsins staðfestir ársreikninga byggðasamlagsins fyrir ár hvert og miðast reikningsárið við almanaksárið. Ársreikningar byggðasamlagsins skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda eða endurskoðunarfyriertæki sem stjórn þess ræður til starfsins. Senda skal fullgerðan ársreikning, staðfestan af stjórn byggðasamlagsins og áritaðan af endurskoðanda, til allra aðildarsveitarfélaga fyrir 15. maí ár hvert.

15. gr.

Sveitarstjórnir og endurskoðendur aðildarsveitarfélaganna eiga rétt á aðgangi að öllum gögnum um rekstur og stjórnslu byggðasamlagsins.

V. kafli

Ársfundir.

16. gr.

Ársfund byggðasamlagsins skal halda einu sinni á ári að jafnaði á hausti. Stjórn byggðasamlagsins ákveður hvar og hvenær ársfundur er haldinn en formaður stjórnar byggðasamlagsins boðar til ársfundarins.

Rétt til setu á ársfundi eiga kjörnir aðalmenn í sveitarstjórnnum aðildarsveitarfélaganna, framkvæmdastjórnar aðildarsveitarfélaganna, auk lykilstarfsmanna byggðasamlagsins og aðildarsveitarfélaganna. Stjórn byggðasamlagsins getur ákveðið að bjóða öðrum aðilum til fundarins með hliðsjón af því hvaða mál eru tekin á dagskrá.

Á ársfundi er gerð grein fyrir rekstri byggðasamlagsins, fjárhagsáætlun og öðrum málum sem stjórn byggðasamlagsins ákveður.

VI. kafli

Breyting á samþykkt, slit og gildistaka.

17. gr.

Breytingar á samþykkt þessari þarfnast samþykkis allra sveitarstjórna aðildarsveitarfélaganna. Samþykkt þessa skal endurskoða ef eitthvert aðildarsveitarfélaganna telur ástæðu til þess, s.s. ef breytingar verða á lögum og reglum sem varða verulega starfsumhverfi byggðasamlagsins.

18. gr.

Aðildarsveitarfélagi er heimilt að ganga úr byggðasamlagi þessu með tveggja ára fyrirvara. Um úrgöngu sveitarfélags gilda að öðru leyti ákvæði 95. gr. sveitarstjórnarlaga.

19. gr.

Tillaga um slit byggðasamlagsins skal samþykkt af a.m.k. 2/3 hlutum sveitarstjórna aðildarsveitarfélaganna. Um slit byggðasamlagsins gilda að öðru leyti ákvæði 95. gr. sveitarstjórnarlaga.

20. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi við staðfestingu sveitarstjórna aðildarsveitarfélaganna. Jafnframt falla úr gildi samþykktir byggðasamlagsins frá 19. júníapríl 2017.

19. apríl 2017

F.h. Ásahrepps

F.h. Bláskógabyggðar

F.h. Flóahrepps

F.h. Grímsnes- og Grafningshrepps

F.h. Hrunamannahrepps

F.h. Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Fylgiskjal 1

Byggingarmál, sbr. 1. tölulið 1. mgr. 3. gr. samþykktarinnar

Hlutverk byggingarfulltrúa er skilgreint í lögum um mannvirki nr. 160/2010 og byggingarreglugerð nr. 112/2012, með áorðnum breytingum. Byggingarfulltrúi hefur yfirumsjón með byggingarmálum, úttektum eftirliti, skráningu eigna í fasteignaskrá, lóðarskráningu, landupplýsingakerfi o.fl.

Helstu verkefni byggingarfulltrúa eru eftirfarandi:

- Yfirferð gagna í tengslum við umsókn um byggingarleyfi vegna mannvirkjagerðar.
- Yfirferð teikninga, s.s. lóðablaða og mæliblaða, teikninga, burðarvirkis og lagnateikninga. Einnig brunahönnunargögn o.fl.
- Yfirferð á skráningartöflum fyrir stærðir mannvirkja, flokkun og notkun eigna og skráning mannvirkja inn til Þjóðskrár Íslands vegna mats á fasteignum.
- Samþykkt byggingaráforma vegna mannvirkjagerðar.
- Útgáfa byggingarleyfi fyrir byggingarleyfiskyld mannvirki.
- Innheimta byggingarleyfisgjalda, stöðuleyfa, starfs- og rekstrarleyfa o.fl.
- Eftirlit með að hönnuðir, hönnunarstjórar, byggingarstjórar og iðnmeistarar hafi starfsleyfi og tryggingar, auk þess að hafa gilt gæðakerfi.
- Áfangaúttektir á byggingarstað mannvirkja á byggingartíma.
- Yfirferð vottunar byggingarefnis.
- Yfirferð eignaskiptasamninga.
- Umsagnir vegna starfs- og rekstraleyfisumsókna.
- Varðveisla gagna vegna ofangreindra mála.
- Ráðgjöf til skipulagsfulltrúa, skipulagsnefndar, sveitarstjórna aðildarsveitarfélaga og annarra starfsmanna byggðasamlagsins um málefni sem varða byggingarmál.

Fylgiskjal 2

Skipulagsmál, sbr. 2. tölulið 1. mgr. 3. gr. samþykktarinnar

Hlutverk skipulagsfulltrúa er skilgreint í skipulagslögum nr. 123/2010 og skipulagsreglugerð nr. 90/2013, með áorðnum breytingum.

Helstu verkefni skipulagsfulltrúa eru eftirfarandi:

- Móttaka umsókna um skipulagsmál og framkvæmdaleyfi og undirbúa fyrir afgreiðslu í skipulagsnefnd og sveitarstjórnunum. Með skipulagsmálum er m.a. átt við breytingar á aðalskipulagi, deiliskipulag og breytingar á deiliskipulagi.
- Málsmeðferð skipulagsáætlana og framkvæmdaleyfisumsókna, þ.e. kynning og auglýsing ásamt nauðsynlegum samskiptum við opinbera aðila, almenning og aðra hagsmunaaðila.
- Umsjón með að skipulags- og framkvæmdaleyfisgögn uppfylli ákvæði gildandi laga og reglugerða á hverjum tíma.
- Umsjón með framkvæmd mála sem varða stofnun nýrra lóða eða breytingar á þeim.
- Ráðgjöf til byggingarfulltrúa, skipulagsnefndar, sveitarstjórna aðildarsveitarfélaga og annarra starfsmanna byggðasamlagsins um málefni sem varða skipulagsmál.

Umhverfis og tæknimál (tæknisvið), sbr. 3. tölulið 1. mgr. 3. gr. samþykktarinnar

Hlutverk umhverfis og tæknisviðs er að halda utan um verkefni sem snúa að framkvæmda og tæknimálum aðildarsveitarfélaga byggðasamlagsins. Tæknisviðið skal jafnframt vera byggingarfulltrúa, skipulagsfulltrúa, skipulagsnefnd, sveitarstjórn um aðildarsveitarfélaga og öðrum starfsmönnum byggðasamlagsins til ráðgjafar um málefni sem varða framkvæmda og tæknimál.

Sameiginleg verkefni sveitarfélaganna eru meðal annars:

- Gagnagrunnur vinnugagna
- Útsetning lóða
- Utanumhald kortagrunns:
 - Teikningar.
 - Skipulag.
 - Lagnir (heitt og kalt vatn, gagnaveita, rafmagn, fráveita).
 - Rotþrær.

Með þessu móti vistast öll gögn sem varða viðkomandi verkefni í gagnagrunni byggðasamlagsins sem auðveldar aðgang gagna þegar þörf er á.

Umhverfis og tæknisvið mun fara með tæknimál aðildarsveitarfélaganna í samræmi við þau verkefni sem aðildarsveitarfélögin fela byggðasamlaginu hverju sinni.

Gert er ráð fyrir að tæknisviðið sjái um verkefnastjórn, grófhanni og geri grófar kostnaðaráætlanir. Þessi verkefni geta meðal annars varðað eftirfarandi:

- Fasteignir, s.s. verkefnastjórn, viðhaldskerfi, eftirlit byggingastjórn og aðgangskerfi.
- Umhverfi, s.s. gatnagerð, opin svæði, sorphirðu, seyruelosun og myndavélakerfi.
- Mælingar, s.s. á byggingum og lögnum, landmælingar, kortagerð og lóðamál.
- Veitur, s.s. vatnsveitur, hitaveitur, fráveitur og gagnaveitur.